

9. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 6. gr. laga nr. 76/1998 um áfengis- og vímuvarnaráð tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur niður reglugerð nr. 537/1995 um Forvarnarsjóð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 27. maí 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

14. maí 1999

Nr. 362

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Minningarsjóð Gyðu Maríasdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Gyðu Maríasdóttur. Heimili og varnarþing hans er í Ísafjarðarbæ.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Gyðu Maríasdóttur, forstöðukonu Húsmæðraskólans Óskar, sem andaðist 7. júlí 1936. Stofnfé sjóðsins er framlag frá námsmeyjum Húsmæðraskólans frá árinu 1932 og öðrum velunnurum skólans á 50 ára afmæli hans 1962. Heildareignir sjóðsins námu kr. 9.626.675 í árslok 1997.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita vestfirskum konum námsstyrki. Sjóðurinn styrkir starfsemi á sviði menningar og lista. Ekki er skylt að veita styrki árlega.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn svo sem hér segir:

Einn er tilnefndur af Kvenfélaginu Ósk á Ísafirði og annar af skólanefnd Framhaldsskóla Vestfjarða. Þriðji stjórnarmaður skal vera útibússtjóri Landsbanka Íslands hf. á Ísafirði. Stjórn kýs sér formann.

Útibússtjórinn skal hafa með höndum fjárgæslu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn.

Skal í gerðabók færa skipulagsskrá þessa, niðurstöðutölur ársreiknings og allar samþykktir sjóðstjórnar, þ. á m. ákvarðanir um úthlutun styrkja. Stjórn skipar endurskoðendur sjóðsins.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans, gjafir og áheiti svo og tekjur samkv. erfðaskrá Jóns G. Maríassonar fyrrum bankastjóra, dags. 21. september 1965, með viðaukum 14. ágúst 1967 og 31. júlí 1968.

6. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun sjóðsins á sem tryggastan og hagkvæmastan hátt. Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í útibúi Landsbanka Íslands hf. á Ísafirði. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans birtir sjóðstjórn fyrir 3. febrúar ár hvert.

7. gr.

Veittir og útborgaðir styrkir skulu ekki nema hærri fjárhæð en 75% af vaxtatekjum fyrra árs. Tilkynna skal styrkveitingu á fæðingardegi Gyðu Maríasdóttur 17. júní. Sjóðstjórn skal auglýsa eftir umsækjendum um styrk úr sjóðnum.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari er stjórn sjóðsins heimilt að breyta. Ákveði sjóðstjórn að leggja sjóðinn niður, skulu eignir hans að frádregnum skuldum, renna til aðila sem að mati fráfarandi stjórnar vinna að þeim markmiðum sem sjóðnum höfðu verið sett. Til að breyta skipulagsskrá þessari, eða til að leggja sjóðinn niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal skipulags-skráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 8. maí 1981, nr. 337/1981.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. maí 1999.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanneý Óskarsdóttir.